

Nd.

83. Frumvarp

til laga um einkaleyfi fyrir firnað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Með lögum þessum veitist firmanu Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f í Reykjavík einkaleyfi um næstu 10 ár, eða nánar tiltekið til 1. janúar 1944, til þess að búa til öltegundir til útflutnings og sölu erlendis, þótt þær séu áfengari en núgildandi áfengislöggjöf heimilar að framleiddar séu til innanlandsnotkunar og sölu (2¼%).

2. gr.

Framleiðsla sú og sala, er heimiluð er samkvæmt 1. gr., er háð eftirliti frá hendi ríkisstjórnarinnar, þannig að full trygging sé fyrir því, að aldrei brjóti í bág við gildandi áfengislöggjöf á hverjum tíma um tilbúning og sölu öls til innanlandsnotkunar, og er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin setji með reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlitið, ákveði sektir og refsingu fyrir hrot o. s. frv., eftir því sem við á.

3. gr.

Leyfishafi greiðir í árlegt afgjald fyrir einkaleyfið í ríkissjóð 25% af hreinum nettóarði af framleiðslu þessari, samkvæmt uppgerð, er ríkisstjórnin hefir eftirlit með að rétt sé. Árgjaldið fellur í gjalddaga eftir á, þegar ársuppgerð er lokið.

4. gr.

Af öltegundum þeim, er um ræðir í lögum þessum, greiðist ekkert framleiðslugjald eða aðrir tollar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, framleiða erlendar ölgerðir mikið af öli til útflutnings, og það kemur ekki í bága við áfengislöggjöf okkar Íslendinga, þótt leyfi sé veitt til framleiðslu á áfengu öli, sé það jafnframt tryggt, að sala og neyzla þess fari eingöngu fram erlendis.

Fyrir því að leyfa slíka framleiðslu, er lögin mæla fyrir um, má færa margvisleg rök, og má t. d. benda á eftirfarandi:

1) Framleiðsla þessi mun verða nokkur tekjugrein fyrir ríkissjóð, og fer vaxandi eftir því sem fram liða stundir og ölið nær betri fótfestu erlendis.

2) Framleiðsla þessi mun veita aukna atvinnu innanlands, sem gera verður ráð fyrir að fari vaxandi.

3) Við sölu ölsins skapast erlendur gjaldeyrir, sem augljóslega verður skortur á í nánustu framtíð og því full ástæða til að reyna að bæta úr.

Einkaleyfi það, sem veitt er með lögum þessum, getur ekki brotið í bág við hagsmuni ríkisins eða einstakra manna eða löggjöf landsins. Fullkomið eftirlit verður haft með því, að ölið sé ekki selt eða drukkíð innanlands, og þungar refsingar lagðar við, ef út af er brugðið.

Ríkið getur ekkert óhagræði haft af því, þótt öl sé framleitt til neyzlu erlendis; það mun aftur á móti vera svo í öllum löndum, að ríkið vill leyfa að lyfta undir og hlúa að því, að innlend framleiðsla nái sem mestri sölu á erlendum markaði, og gildir þessi regla ekki sít nú, þegar mest er undir því komið að geta aflað sér teknanna erlendis frá.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f er hið eina innlenda fyrirtæki, er getur framleitt slíkt öl, og því er ekki um það að ræða, að gengið sé á rétt nokkurs einstaklings með veitingu þessa einkaleyfis. Þar að auki hefir félagið þá aðstöðu að því er hús og vélar snertir, að það getur byrjað framleiðsluna hvenær sem er.

Það er enginn efi á því, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson getur framleitt fullkomlega samkeppnisfært öl, þar sem félagið hefir hin fullkonnustu hús og vélar, ágætan bruggmeistara og auk þess hið ágæta vatn, sem varla hefir sinn líka. Allt þetta hlýtur að tryggja það, að ölið geti orðið gott og samkeppnisfært og líklegt til að geta, er fram líða stundir, orðið allveruleg tekjugrein fyrir félagið og því einnig ríkissjóðinn, auk þess sem bæjarfélagið mundi þá einnig njóta góðs af bættum hag félagsins.

Vitanlega hlýtur það að taka nokkurn tíma að vinna islenzku öli verulegan markað erlendis, og því er óhjákvæmilegt að veita félaginu einkaleyfið fyrir nokkurt árabíl.

Til þess að vinna sér nafn erlendis þarf mikinn undirbúning og tilkostnað, sem enginn vill leggja út í, ef aðeins er tjaldað til einnar nætur. Leyfistíminn má því ekki vera styttri en 10 ár, en á þeim tíma er gert ráð fyrir, að sú reynsla fái ist, sem byggt verður á um framtíðarfyrirkomulag á þessari framleiðslu.

Þar sem hér er um að ræða algerlega nýja atvinnugrein, er eins og áður er sagt hlýtur að verða kostnaðarsöm í upphafi, verður ekki með sanngirni gengið öðruvísi frá um endurgjaldið fyrir leyfið en þannig, að leyfishafi greiði ákveðið hundraðsgjald af nettóágóða framleiðslunnar. Gangi salan vel, gétur þetta orðið drjúg tekjugrein fyrir ríkissjóðinn, og sýnist eðlilegt, að afgjaldið fari eftir hinni raunverulegu afkomu. Þar sem leyfisgjaldið er tekið með svo háum hundraðshluta af ágóða, getur vitanlega ekki verið um það að ræða, að leyfishafi greiði önnur gjöld af ölinu; það mun og alstaðar svo, að slík gjöld eru ekki greidd af vörum, sem framleiddar eru til sölu út úr landinu, enda er gert ráð fyrir, að öltegundir þær, er framleiddar verða samkvæmt lögum þessum, verði „frilager“ undir fullkomnu eftirliti hins opinbera. Með því, er að ofan greinir, eru þá og jafnframt gefnar skýringar á hinum einstöku greinum frv.